

Fyrirspurn

til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um boð um fjárframlög til einkarekinna háskóla.

Frá Ingibjörgu Isaksen.

- Felur nýlegt boð ráðherra til einkarekinna háskóla um að skólarnir hljóti óskert fjárframlög frá ríkinu gegn afnámi skólagjalda það í sér að framlög úr ríkissjóði til háskólastigsins aukist eða er um að ræða skiptingu þess fjár sem nú þegar hefur verið veitt til háskólastigsins?
- Ef um skiptingu er að ræða, hvert er fyrirkomulag hennar og hvernig hefur hún áhrif á aðra en þá sem fjárveitingin nær til ef allir einkareknir háskólar landsins þiggja framangreint boð?
- Hvernig hyggst ráðherra mæta áhyggjum nemenda og stjórnenda á háskólastigi af því að rekstrartekjur háskóla og gæði náms sem þeir bjóða skerðist talsvert ef skólarnir þiggja framangreint boð?
- Hyggst ráðherra bjóða öðrum skólum, sem bjóða sérnám til sérstakra starfsréttinda en hafa ekki hlotið viðurkenningu sem háskólar, sambærilegan styrk í ljósi þeirra sjónarmiða sem fylgja umfjöllun um framangreint boð?

Skriflegt svar óskast.